



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 3. febrúar 2020
USK2020010085

Borgarráð

Hlíðarendi, frágangur hverfis.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út fullnaðarfrágang gatna, stíga o.fl. á Hlíðarendasvæði.

Kostnaðaráætlun 2 vegna hluta Reykjavíkur í þessu útboði er 720 mkr. Áætlað er að framkvæmdir standi yfir á tímabilinu mars 2020-2022 í takt við þróun uppbyggingar á svæðinu.

Greinargerð:

Um er að ræða malbikun gatna, hellulagnir göngu- og hjólastíga, gróðursetningu, lýsingu o.fl. Verkið er samstarfsverkefni með Veitum ohf., Gagnaveitu og Mílu sem kosta veitu- og fjarskiptakerfi.

Framkvæmt verður í takt við þróun byggðar á svæðinu 2020-2022. Áætlaður kostnaður ársins 2020 er 600 mkr. skv. samþykktri fjárhagsáætlun.

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Kostnaðarstaður: 3104

Kostnaðaráætlun 2: 720 mkr. (hluti Reykjavíkur).

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

- Hlíðarendasvæði, lýsing verkefnis.
- Hlíðarendasvæði. Fyrirhugaðir verkáfangar.

Hlíðarendasvæðið



er skipulögð íbúðabyggð og er skipulag svæðisins í takt við stefnu borgarinnar um þéttingu byggðar.

Um 600 íbúðir verða í hverfinu að lokinni uppbyggingu og um 75.000 m² af atvinnuhúsnæði.

Lýsing á verkefni

Um er að ræða fullnaðarfrágang yfirborðs í hverfinu:

- Malbikun umferðargatna
- Hellulögn göngu- og hjólastíga
- Gróðursetning og grasbeð
- Lýsing gatna- og gönguleiða



Áætlað er að hefja framkvæmdir í mars og að þeim ljúki fyrir árslok 2022